

## SMÍÐAVÖLLUR

Smíðavöllur er opinn fyrir börn á aldrinum 8-12 ára, fædd 1997-2001. Á smíðavelli gefst börnum kostur á að smíða kofa eða annað það sem þeim dettur í hug. Ekki er boðið upp á vistun á smíðavellinum og börnunum því frjálst að koma og fara eftir þeirra hentugleika. Leiðbeinendur eru þó á staðnum á opnunartíma og aðstoða laghenta krakka við smíðarnar. Skráningargjald á smíðavelli er 600 kr og hefst skráning 3. maí. Opnunartími smíðavalla er breytilegur eftir borgarhlutum en upplýsingar má nálgast í hverri frístundamiðstöð eða á [www.itr.is/sumar](http://www.itr.is/sumar)

## SUMARSMIÐJUR FYRIR 10-12 ÁRA BÖRN

Á vegum frístundamiðstöðvanna í Reykjavík er boðið upp á fjölbreyttar smiðjur fyrir 10-12 ára börn, fædd 1997-1999. Um er að ræða mikið úrval af smiðjum og skemmtilegum viðburðum sem standa yfir í hálfan eða heilan dag og þarf að skrá sig í hverja smiðju og viðburð fyrir sig. Mikill fjölbreytileiki er í dagskránni og því ættu allir krakkar að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Í boði eru smiðjur tengdar útivist og hreyfingu, matseld, listsköpun og fleira. Ekki er boðið upp á vistun og því mæting í smiðjurnar á ábyrgð foreldra eða forráðamanna. Reyndir leiðbeinendur annast smiðjurnar og eru með börnunum allan þann tíma sem smiðjan stendur yfir. Skráningargjald í smiðjur er 300 kr. eða 600 kr. eftir umfangi, lengd og efni hverrar smiðju. Skráning hefst 3. maí. Nánari upplýsingar má nálgast í hverri frístundamiðstöð eða á [www.itr.is/sumar](http://www.itr.is/sumar)

## SUMAROPNUN FÉLAGSMIÐSTÖÐVA FYRIR UNGLINGA

Félagsmiðstöðvar eru opnar yfir veturinn fyrir alla unglunga, fædda 1994-1996, víðs vegar um borgina. Í ár verða nokkrar félagsmiðstöðvar opnar áfram inn í sumarið eða til 9. júlí. Í félagsmiðstöðvunum starfa reyndir leiðbeinendur sem leiða starfið en þátttaka er unglingum að kostnaðarlausu. Stundum er þó óskað eftir efnisgjaldi ef dagskrá gerir ráð fyrir því. Opnunartími félagsmiðstöðvanna í sumar er ýmist í eftirmiðdaginn eða á kvöldin. Allar nánari upplýsingar er að finna hjá frístundamiðstöðvunum, á heimasíðum og Facebook-síðum félagsmiðstöðvanna eða á [www.itr.is/sumar](http://www.itr.is/sumar)